

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Birkibbyggð í landi Grafar.*
Breytingin felst í að þakform og meginstefna húsa eru gefin frjáls og auk þess er nú leyft að reisa 40 m² geymslu/smáhýsi á hverri lóð í stað 30 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2018.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Melar, miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum.*
Breytingin felst í að deiliskipulagsmörk breytast og taka nú til alls lands gróðrarstöðvarinnar Mela sunnan við þjóðveg og einnig við núverandi starfsmannahús. Fjórar nýjar lóðir verði stofnaðar innan skipulagssvæðisins, þar af ein um núverandi starfsmannahús en á þremur verði heimilað á hverri þeirra að reisa eitt allt að 80 m² íbúðarhús á einni hæð fyrir starfsfólk. Byggingarreitur gróðurhúsa á lóð Hrafnkelsstaða 2 breytist og færist en byggingarheimild helst óbreytt.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. september 2018.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. nóvember 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2018